

# Rafrænn hluthafafundur Klappa Grænna Lausna hf.

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður með rafrænum hætti föstudaginn 18. nóvember 2022. Fundurinn hefst kl. 15:00.

Dagskrá fundarins:

1. Ávarp stjórnarformanns.
2. Tillaga um útgáfu áskriftarréttinda, heimild stjórnar til hlutafjánhækkunar og kaupa á eigin bréfum.
3. Tillaga um nýjar samþykktir félagsins.
4. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál tekin fyrir á fundinum ef gerð hefur verið skriflega eða rafræn krafa þar um. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá fundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið [investors@klappir.com](mailto:investors@klappir.com) eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15:00 þann 8. nóvember. Slíkri kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar félagsins eigi síðar en viku fyrir fundinn eða fyrir kl. 15:00 þann 11. nóvember.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar 11. nóvember til samræmis við samþykktir félagsins.

Skráning hluthafa á fundinn fer fram á heimasíðu félagsins [www.klappir.com](http://www.klappir.com) og fá þeir þá sendan hlekk á fundinn. Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundabúnað þar sem hluthafar geta fylgst með aðalfundarstörfum og tekið þátt í fundinum.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn eru beðnir um að skrá sig á heimasíðu félagsins eigi síðar en kl. 15:00 þann 16. nóvember.

Hluthafar skulu greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Atkvæði skulu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið [investors@klappir.com](mailto:investors@klappir.com) eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15:00 þann 13. nóvember.

**Aðrar upplýsingar**

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafund verður að finna á vefsíðu félagsins [www.klappir.com](http://www.klappir.com).

Kópavogur, 20. október 2022  
Stjórn Klappa Grænna Lausna hf.